

Vorfundur og aðalfundur Delta deildar, þriðjudaginn 8. maí 2012 kl. 18:00

Fundarstaður: Leifsbúð í Búðardal.

Dagskrá:

- Formaður setur fund, kveikir á kertunum.
- Orð til umhugsunar: Þrúður J. Kristjánsdóttir.
- Nafnakall og kveðjur.
- Fundargerð síðastafundar lesin.
- Þórunn Reykdal segir okkur frá Vorþinginu 2012.
- Gestur fundarins: Séra Elína Hrund Kristjánsdóttir, segir okkur frá kvennakirkjunni og kvennaguðfræði.
- Inntaka nýrra félaga.
- Skýrsla formanns 2010-2012.
- Ársreikningar 2011 lagðir fram.
- Kosning nýrrar stjórnar.
- Fundarslit.

Fundur hófst kl 18:00 með því að Elísabet formaður setti fundinn og kveikti á kertunum.

Fyrst á dagskrá var *Orð til umhugsunar* – Þrúður J. Kristjánsdóttir. Þrúður velti fyrir sér kjör aldraðra, sem enginn vill vera, en allir verða. Hún taldi það betra að vera gömul kona en gamall karl vegna tengsla okkar kvenna við fjölskylduna. Þá vakti Þrúður athygli okkar á því að öll tölfræði Hagstofunnar miðast við þátttakendur að 74 ára aldri, nema sérstaklega sé verið að kanna kjör þeirra sem eldri eru. Á gamansaman hátt sagði hún okkur frá því að hún hefði fengið „varahlut“ nýtt hné til þess að auðvelda sér lífið. Hún sagði það skipta miklu máli hvernig við lifum þeim árum sem við eigum.

Þá var fundargerð síðasta fundar lesin og samþykkt.

Gestur fundarins, sr. Elína Hrund Kristjánsdóttir nýkjörin sóknarprestur að Reykhólum flutti erindi um kvennakirkjuna og kvennaguðfræði. Rifjaði það m.a. annars upp að fyrir 67 árum tók fyrsta konan embættispróf í guðfræði, Geirþrúður Hildur Bernhöft. Og 34 árum síðar vígðist fyrsta konan til preststarfa, sr. Auður Eir. Og nú í dag árið 2012, hefur kona verið kosin næsti biskup Íslands. Fyrirmyndir skipta máli. Þess má geta að sr. Agnes M. Sigurðardóttir, verðandi biskup, var félagi í Delta deild er hún bjó á Hvanneyri og sendir Delta deildin henni bestu kveðjur.

Inntaka nýrra félaga. Jónína Erna Arnardóttir, tónlistarkennari í Borgarnesi. Við fögnum komu hennar í félagið og væntum mikils af henni í starfi okkar, í komandi framtíð.

Formaður flutti skýrslu stjórnar, starfsárin 2010 – 2012. Skýrsla gjaldkera fyrir sama tímabil lögð fram og samþykkt einróma.

Stjórnarskipti. Elísabet Jóhannesdóttir, formaður og Halldóra Jónsdóttir, ritari gengu úr stjórninni. Uppstillingarnefnd leggur til að nýja stjórn til næstu tveggja

ára 2012-2014, skipi: Þórunn Reykdal formaður, Theodóra Þorsteinsdóttir varaformaður, Sjöfn Guðlaug Vilhjálmsdóttir ritari, Dagný Emilsdóttir meðstjórnandi og Jensína Valdimarsdóttir gjaldkeri. Ný stjórn samþykkt einróma með lófaklappi.

Fyrri stjórn, nýrri stjórn, Elínu Hrund og Þrúði færð rós.

Matur á borð borinn. Meðan við snæddum sagði Þórunn frá Vorþingi Delta Kappa Gamma 2012, sem haldið var í Þjóðmenningarhúsinu 28. apríl s.l.

Happdrættið var spilað í lokin og sú heppna var Jensína Valdimarsdóttir.
Fundarslit kl 20:15

Fundarritari Halldóra Jónsdóttir.